

76
28. ágúst

3. gr.

Rafmagnsgjaldið greiðist mánaðarlega og falla þau í gjalddaga síðasta dag hvers mánaðar. Sé gjaldið eigi greitt innan 5 daga eftir gjalddaga má slíta sambandi við hlutaðeigandi notenda, eftir skriflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á að gjaldið sé greitt í tæka tíð.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefndin í Flateyrarhreppi hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15. 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. október 1929 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

77
1. sept. sjóð kirkjugarðsins í Firði í Mjóafirði, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. september 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

trjáræktarsjóð kirkjugarðsins í Firði í Mjóafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir trjáræktarsjóður kirkjugarðsins í Firði í Mjóafirði. Ætlunarverk hans er:

- a. Að viðhalda eftirleiðis traustri girðingu umhverfis garðinn, svo sem hann nú er og var við burtflutning kirkju 1892, eigi minni en 360 ferm. að flatarmáli, með sáluhliði, klukknaporti og klukku.
- b. Að viðhalda trjárækt þeirri, sem í garðinum er og auka hana svo sem samrýmst getur afnotum hans fyrir ættargrafreit foreldra minna sbr. biskupsbr. 1. febr. 1893.

- c. Að reisa varnir gegn landsskemmdum af lækjum þeim, sem til garðsins geta náð með vatnsgangi og flóðum sbr. 3. gr. 77
1. sept.
- d. Að stuðla að víðtækri trjárækt í nágrenninu þegar efni leyfa sbr. 3. gr.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins 250 kr. hefir verið lagt til geymslu og æfinlegrar ávöxtunar í Söfnunarsjóði Íslands. Það má aldrei skerða, né þann stofnauka, er safnast kann fyrstu 10 ár frá stofnunardegi. Á því tímabili skulu einnig $\frac{2}{3}$ vaxta, að minnsta kosti, leggjast við höfuðstól, en þaðan af $\frac{1}{3}$ vaxtanna, unz innstæðan er 1000 kr. Frá því skal jafnan $\frac{1}{4}$ vaxta lagður við stofninn.

3. gr.

Þeim hluta vaxta, sem eigi leggst jafnótt við stofn eftir 2. gr., og öðrum aukatekjum, skal verja til framkvæmda þeirra, sem ræðir í 1. gr. Skal þeim svo hagað, að í fyrirrúmi sitji framkvæmdir eftir A-lið, er girðing fyrnist eða bilar, ella skal árlega nokkuð lagt til gróðursetningar og garðinum til þrýði. Verkefni eftir c-lið kemur þá til greina, er sjóðurinn hefir afgang frá verkefnum a- og b-liða, en verkefni d-liðs þegar safnast hefir það fé, að sjóðstjórnin telji fært að leggja nokkuð til þeirra framkvæmda.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins að mér látnum skulu 3 menn: Sá búandi í Firði, sem túnið á eða notar umhverfis garðinn, sóknarprestur sveitarinnar og einn maður, kosinn af hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps. Sæti hans í stjórninni getur hver niðja minna tekið, sem þess óskar og nærri býr vettvangi. Stjórnin geymir eignaskírteini sjóðsins, sér um framkvæmdir eftir skipulagsskrá og aðrar ráðstafanir sjóðsins vegna, en gjörir árlega reikningsskil til prófastsins í Suður-Múlaprófastsdæmi.

5. gr.

Engin mannvirki má í garðinum gera eða jarðrask, nema það, sem lýtur að hagnýtingu hans fyrir ættargrafreit eða þarf að gjöra vegna gróðursetningar. Heimilt skal þó að auðkenna þekktu, forna legstaði með gróðursettum trjám eða leturspjöldum.

Firði, 10. júní 1929.

Sveinn Ólafsson.